

Fundur með Jóhanni í Gónhóli, Eyrarbakka 28.9 2015

Viðstaddir auk Jóhanns: Haukur Már, Svanur og Þóra Elfa

Beðið hafði verið um fund með Jóhanni Jónssyni til að fá á hreint hver staðan væri í frágangi húsnæðisins, þannig að stjórnarfolk Prentisögunseturs vissi hvers vænta mætti í sambandi við tímasetningar.

- 1) *Staðan tekin.* Í Viljayfirlýsingu sem stjórn Prentisögunseturs hafði sent Jóhanni var tiltekið að 1. október 2018 yrði húsnæðið sem setrinu er ætlað tilbúið skipulags og uppsetningar. Jóhann kvaðst vona að sú dagsetning myndi standast. Rætt um frágang hússins svo munir sem yrðu fluttir þangað verði ekki fyrir skemmdum. Jóhann sagði kyndingu vera miðaða við að halda húsinu frostfríu. Hann sagði of mikinn leka, skifta þurfi um þak, lausleg áætlun á því verki er 15 milljónir. Fé vantar í viðgerðir og fjárhagsleg staða væri ekki of góð.
- 2) *Nokkrir munir* voru sóttir til Hóla á dögnum og eru geymdir tímabundið í bílskúr í Hveragerði en Jóhann segir að hægt sé að geyma þá í Gónhól, gott væri að fá þá á brettum svo auðvelt sé að flytja þá til.
- 3) *Hönnun svæðisins.* Í fyrstu atrennu væri hægt að grófhanna sýninguna, svæðið sem ætlað er undir hana er ca 3-400m². Ræddar ýmsar tillögur, staðsetningar á hurðum og um reglugerðir vegna brunavarna og fleira sem taka þarf tillit til. Styrkur SASS ætti að duga fyrir einhverri undirbúningsvinnu og hugmyndateikningu.

Eftir fundinn heimsóttu Haukur, Svanur og Þóra byggðasafnið á Eyrarbakka og skoðuðu þar gamla Linotype setjaravél og gyllingaráhöld undir leiðsögn Lýðs Pálssonar safnsstjóra.